

Fundur kl. 9:00 11. júlí 2019 hjá Tryggingastofnun

vegna niðurstöðu Hæstaréttar í máli Sigríðar Sæland gegn Tryggingastofnun frá 9. Júlí 2019

Mætt:

Frá félagsmálaráðuneytinu: Arnar Þór Sævarsson aðstoðarmaður ráðherra og stjórnarformaður TR, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Ágúst Þór Sigurðsson og Hildur Sverrisdóttir Röed,

Frá ríkislögmanni: Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður,

Frá TR: Sigríður Lillý Baldursdóttir, Hermann Ólason, Sólveig Hjaltadóttir og Ragna Haraldsdóttir.

Einar Karl reifaði ákvörðun Hæstaréttar að synja um áfrýjunarleyfi og hvaða staða væri þá komin upp. Málið rætt, en Einar vék af fundi að því loknu.

Fundi framhaldið og ákveðið að TR taki saman talnagögn um málið fyrir félagsmálaráðuneytið.

Þá var eftirfarandi ákveðið hvað varðar framkvæmd TR í kjölfar synjunarinnar:

1. Greitt verði án umsóknar til allra þeirra sem áttu virka umsókn um ellilífeyri í jan. og febr. 2017
2. Heimilisuppbótin einnig greidd, enda forsenda dómsins byggð á ólögmati afturvirkni laganna.
3. Stefnt að því að TR verði tilbúið til að greiða um miðjan sept. Ákvörðun á tímasetningu greiðslu verður þó tekin í samráði við ráðuneytið.
4. Vextir greiddir samkvæmt almannatryggingalögunum nema til málsaðila sem fær dráttarvexti á dómsniðurstöðuna, þ.e. ellilífeyrinn.
5. Haft verður samband við RSK til að upplýsa um málið og fá upplýsingar framkvæmd RSK vegna álagningar skatta ársins 2017.
6. Í bréfi til lífeyrisþega sem verður birt á mínum síðum komi fram ábending um hugsanleg áhrif á álagningu skatta árið 2017.
7. Ekki verður gerð fréttatilkynning til birtingar á heimasíðu TR vegna málsins. Gögn lífeyrisþeganna verða birt á Mínum síðum og í bréfi verður boðið upp á að senda megi fyrirspurnir inn á tiltekið pósthfang hjá TR.

11. júlí 2019